

# Starfsskýrsla Samiðnar

2016-2019





# Stjórn Samiðnar

**Á** 8. þingi Samiðnar voru eftirtaldir kosnir í miðstjórn: Hilmar Harðarson, formaður, Jóhann Rúnar Sigurðsson, varaformaður, Heimir Kristinsson, ritari, Ólafur Magnússon, vararitari, Hermann Guðmundsson, gjaldkeri, Meðstjórnendur: Georg Óskar Ólafsson, Rúnar Bogason, Tryggvi Arnarson, Guðmundur Rúnar Davíðsson, Kolbeinn Árnason og Sigurður Freysson.

Árið 2017 hætti Hermann Guðmundsson í miðstjórn vegna starfa á öðrum vettvangi en í hans stað kom Unnur Eggertsdóttir. Samhliða þeirri breytingu var Ólafur Sævar Magnússon kjörinn gjaldkeri sambandsins.

## Framkvæmdastjórn:

Hilmar Harðarson, formaður, Jóhann Rúnar Sigurðsson, varaformaður, Hermann Guðmundsson gjaldkeri og Heimir Kristinsson ritari. Við brotthvarf Hermanns Guðmundssonar úr miðstjórn 2017 og á sama tíma úr framkvæmdastjórn, var Ólafur Sævar Magnússon kjörinn í framkvæmdastjórn.

## Aðildarfélög Samiðnar

Aðildarfélög Samiðnar eru 12 bæði stéttarfélög og deildir iðnaðarmanna sem dreifast um allt land með um 6000 félagsmenn. Öll félögin eiga aðild að þjónustuskrifstofum í samstarfi við önnur stéttarfélög á viðkomandi svæðum.

## Aðildarfélög Samiðnar eru:

FIT Félag iðn- og tæknigreina  
Byggið Félag byggingamanna  
Iðnaðarmannadeild Verkalýðsfélags Akraness  
Iðnaðarmannadeild Stéttarfélags Vesturlands  
Iðnaðarmannadeild Samstöðu  
Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Félag járníðnaðarmanna Ísafirði  
Iðnsveinafélag Skagafjarðar  
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri  
Þingið  
Iðnaðarmannadeild AFLs Starfsgreinafélags Austurlands  
Iðnaðarmannadeild Verkalýðsfélags Þórshafnar

## Starfsfólk Samiðnar:

Formaður Samiðnar Hilmar Harðarson er í 25% starfi, Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi. Einnig er Samiðn aðili að Þjónustuskrifstofu iðnfélaga, sjá umfjöllun um hana.

Samiðn er með samstarfssamning við lögmannsstofuna Mandat um lögfræðiþjónustu. Greitt er mánaðarlegt fastagjald til lögmannsstofunnar.



## Þjónustuskrifstofu iðnfélaga

Samiðn er aðili að Þjónustuskrifstofu iðnfélaga sem rekin er í samstarfi við Byggiðn og Félag iðn- og tæknigreina. VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður er með þjónustusamning við skrifstofuna og leigir aðstöðu fyrir tvo starfsmenn.

## Framkvæmdastjórn:

Finnbjörn A Hermannsson frá Byggiðn, Hilmar Harðarson frá FIT og Þorbjörn Guðmundsson frá Samiðn.

Stöðugildi Þjónustuskrifstofunnar árið 2019:

Pálmi Finnbogason, skrifstofustjóri 100%.

Anna Hákonardóttir, móttaka og orlofshús 60%.

Harpa Snæbjörnsdóttir matráður/prif 100%.

Helga B. Steingrímsdóttir, félagakerfi 100%.

Guðný M. Magnúsdóttir, bókhald/launamál 90%.

## Starfsemi

Þjónustuskrifstofan annast ýmsa umsýslu og stoðþjónustu fyrir aðildarfélög skrifstofunnar s.s. bókhald og gjaldkerastörf, launavinnslu, símsvörun og svörun vegna kjarasamninga, þjónustu vegna orlofshúsa, tölvu- og upplýsingamál, umsjón með félagaskrá, viðhald heimasíðu Samiðnar o.fl.

Hluttur Samiðnar í rekstri Þjónustuskrifstofunnar er endurskoðaður árlega og var árið 2018 8,39%.

## Stórhöfði 31

Á vormánuðum flutti Þjónustuskrifstofan úr Borgartúni 30 í Stórhöfða 31 þar sem fyrir voru Rafiðnaðarsamband Íslands, Matvís og Grafía og eru þá nánast öll iðnaðarmannafélögin komin undir sama þak. Samstarf félaganna við gerð

kjarasamninga hefur reynst vel og má ljóst vera að við flutninga í sameiginlegt húsnæði mun það aukast enn frekar og þjónustan við félagsmenn og samlegð öll eflast til muna.



## Framkvæmdastjórn, miðstjórn og samninganefnd Samiðnar

Miðstjórn Samiðnar kemur saman að meðaltali annan hvern mánuð en framkvæmdastjórn heldur fundi flesta mánudagsmorgna kl. 8.30. Miðstjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri



sambandsins, samþykkir fjárhagsáætlun og verkefnaval. Framkvæmdastjórn fylgir eftir verkefnum miðstjórnar en hefur ekki heimild til binda sambandið fjárhagslega.

Sambandsstjórn kemur saman einu sinni til tvisvar þau ár sem ekki er haldið þing og er æðsta vald milli þinga. Sambandsstjórn er þannig samsett að þingið kýs hluta hennar og til viðbótar tilnefna þau félag fulltrúa sem ekki eiga fulltrúa í miðstjórn. Við endurnýjun kjarasamninga kýs sambandsstjórn samninganefnd sem hefur verið samsett af miðstjórn auk formanns Byggiðnar Finnbirni Hermannssyni. Samninganefndin ber ábyrgð á viðræðum við Samtök atvinnulífsins og aðra viðsemjendur Samiðnar eftir því sem við á hverju sinni. Fjöldi funda samninganefndarinnar fer eftir verkefnum hverju sinni og hvort samningar eru lausir. Síðustu mánuðir hafa verið annasamir hjá samninganefndinni í tengslum við samningaviðræður SA og ekki er séð fyrir endann á því enda margir samningar eftir.

## Miðstjórn ASÍ

Formaður Samiðnar Hilmar Harðarson er fulltrúi Samiðnar í miðstjórn ASÍ. Gríðarleg vinna fylgir því að eiga sæti í miðstjórninni en hún heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði nema í júlí en til viðbótar fylgir margvísleg vinna sem tengist setu í miðstjórn ASÍ. Samfara setu í miðstjórn á Hilmar sæti í samninganefnd ASÍ en hún fer með sameiginleg málefni aðildarfélaganna gagnvart stjórnvöldum og SA. Hilmar er formaður lífeyrisnefndar ASÍ sem er stór málaflokkur.

Formaður Samiðnar hefur átt sæti í sendinefnd ASÍ sem tekur þátt í vestnorræna samstarfinu en samstarfið tekur til Færeyja, Grænlands og Íslands, haldnir eru 2 til 3 fundir á ári til skiptis í löndunum þremur.



# Kjarasamningar 2019

**K**jarasamningar milli SA og Samiðnar runnu út um áramótin 2018-19 en vinna við endurnýjun kjarasamninga hófst á haustdögum með heimsókn til allra aðildarfélaganna. Miðstjórn fór hringferð um landið og átti fundi með fulltrúum allra aðildarfélaganna. Á fundunum fóru fram opið samtal um endurnýjun kjarasamninga og þau málefni sem brunnu á fólki. Samtalinu lauk með sambandsstjórnarfundum þar sem kynnt var samantekt af samtölum við félagsmenn og áherslur vegna endurnýjunar kjarasamninga samþykktar.

Umhverfi kjarasamningsgerðarinnar var sérstök og má segja að ASÍ hópurinn hafi skipst upp í fjóra hópa. Iðnaðarmenn, VR, Efling og Verkalýðsfélag Akraness, SGS og LÍV. Ekkert formlegt samstarf var innan ASÍ en óformlegt samráð var innan samninganefndar ASÍ. Stofnaður var samráðsfundur milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins fljótlega eftir að ríkisstjórnin tók til starfa. Í byrjun apríl var gerður nýr kjarasamningur SA sem tók til allra aðildarféлага LÍV og SGS svokallaður lífskjarasamningur sem gildir til

nóvember ársins 2022. Samningurinn var samþykktur með miklum meirihluta atkvæða í flestum félögum.

Þrátt fyrir að iðnaðarmannasamfélagið hafi átt í viðræðum við SA í aðdraganda samningsins var ekki haft samráð iðnaðarmenn þegar samningurinn var gerður og má segja að þeir hafi verið skildir eftir. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að samningurinn bjó til ramma utan um aðra samninga m.a. með því að samið var krónutöluhækkun launa en iðnaðarmenn lögðu áherslu á hlutfallslega hækkun.

Fljótlega í kjölfar samningsins hófust aftur viðræður milli iðnaðarmanna og SA um endurnýjun kjarasamninga. Af hálfu SA var það skilyrt að lífskjarasamningurinn yrði lagður til grundvallar m.a. hvað varðaði launabreytingar.

Þessi afstaða SA þrengdi mjög stöðu iðnaðarmanna og takmarkaði möguleika þeirra að ná þeim árangri sem þeir stefndu að t.d. að færa taxtakerfið að greiddum launum. Það var mat iðnaðarmannasamfélagsins að væri þess virði að gera tilraun til að gera nýjan kjarasamning innan þessa ramma en jafnframt að hefja undirbúning að aðgerðum. Það

var sameiginlegt mat að ólíklegt væri að hægt yrði að brjótask út úr þessum ramma nema með víðtækum aðgerðum.

Í kjarasamningum sem gerður var 2. maí byggir á sama grunni og lífskjarasamningurinn hvað varðar launabreytingar en gengur miklu lengra hvað varðar vinnutímastyttingu og breytingar á yfirvinnu. Gangi samningurinn fram með þeim hætti sem samningsaðilar vænta mun hann leiða til grundvallar breytingar á vinnutíma félagsmanna. Gengið er út frá því að megin reglan verði að vinnuvikan verði 36 vinnustundir í lok samningsins 2022 og settar eru skorður við yfirvinnu sem er í samræmi við það sem þekkist á hinum Norðurlöndunum.

Langur vinnudagur á Íslandi er að hluta til menningarlegt fyrirbæri sem á sér djúpar rætur í þjóðarsálinni sem mun taka tíma að breyta. Það er hins vegar mikilvægt að kjarasamningar styðji við löngu tímabæra breytingu og að hóflegur vinnudagur verði megin regla og að áherslan sé á að dagsvinnulaun nægi til góðrar afkomu allra.

Að vera með yfirvinnu eitt og tvö er til að styðja við þessi markmið þ.e. að það kosti fyrirtækin meira að láta vinna mikla yfirvinnu, dregið verði úr yfirvinnunni og þunginn aukist á dagvinnulaunin.

Nýr kjarasamningur iðnaðarmanna byggir á nýrri nálgun sem er að launasetning fari fram í gegnum fyrirtækjasamninga. Á næstu vikum munu iðnaðarmenn og fulltrúar SA setja í gang vinnu við að hanna umgjörð um nýtt launakerfi sem verður lagt til grundvallar við gerð fyrirtækjasamninga. Þeirri vinnu skal lokið fyrir næstu áramót en þá hefst kynning og innleiðing.

Nýju launakerfi er ætlað að leysa af hólmi eldri kauptaxtakerfi og tryggja að launasetning sé gegnsæ og málefnaleg. Í samningum eru nefndir sex þættir sem leggja á til grundvallar en þeir gætu orðið fleiri en kveðið er á ef meirihluta vilji fyrir því. Þessi áhersla á fyrirtækjasamninga mun kalla á ný vinnubrögð hjá stéttarfélögum en gert er ráð fyrir að þau aðstoði félagsmenn við gerð samninganna. Stéttarfélögin verða að styrkja trúnaðarmannakerfið og gera trúnaðarmenn virkari í að koma að samningagerðinni en í því felast mikil tækifæri í að efla og bæta tengslin við vinnustaðina. Mikilvægt er að tryggja að minni vinnustaðir verði ekki skildir eftir en það verður ekki síst í verkahring stéttafélaganna að tryggja að svo verði ekki.

Nýr kjarasamningur iðnaðarmanna er háður mörgum óvissuþáttum en það er ekkert nýtt á Íslandi. Við búum við





sveiflukenndan gjaldmiðil sem mun halda áfram að sveiflast, við búum við að þurfa að treysta á sveiflukennda náttúruauðlind sem hafið er við höfum ekkert öryggi fyrir því að ferðamenn haldi áfram að koma til Íslands í því mæli sem þeir hafa gert síðustu árin. Þetta er ekkert nýtt og við munum þurfa að glíma við þennan síbreytilega veruleika næstu misserin. Í nýjum kjarasamningi eru tækifæri sem eru að verulegu leyti undir okkur sjálfum komið hverju þau skila. Samningurinn kemur til með að skila þeim sem eru með lægri laun meiru hlutfallslegum launahækkunum en

millitekjufólki og þeim sem eru þar fyrir ofan. Ekki er ekki að fullyrða að samningurinn tryggi millitekjufólki aukinn kaupmátt á samningstímanum miðað við þær hagspár sem hafa verið gerðar fyrir samningstímabilið. Flestir eru jafnsettir en í fyrirtækjasamningum eru tækifæri sem mikilvægt er að verði nýtt og þá gæti niðurstaðan orðið sú að þegar upp er staðið hafi starfskjör okkar allra hafi batnað og það er markmiðið.



# Framtíðin og launafólk

Róbert Farestveit  
robertf@asi.is

Það er einungis á síðustu árum þar sem hraði tækniframfara fer að verða með þeim hætti að spurningar vakna um hvaða áhrif tækniframfarir geti haft á störf, vinnumarkað, þróun byggða og í raun öll svið okkar samfélags. Það er ekki einungis í vísindaskáldskap sem vörur eru pantaðar í samtali við gervigreind og sendar með drónum. Tilkoma gervigreindar kollvarpar því ákveðnum hugmyndum um hvaða störf kunni að verða sjálfvirkjuð. Þó sjálfvirknivæðing í venjubundnum störfum í framleiðslu eigi sér langa sögu, þá er nýr veruleiki að hugsa sér sjálfvirknivæðingu flóknari starfa sem hingað til hafa kallað á mannlega hæfni og jafnvel sérfræðiþekkingu. Áhrif tækniþróunar hafa þó einnig áhrif langt út fyrir hvaða störf verða til og hvaða störf hverfa. Sú staðreynd að störf taki stöðugt hraðari breytingum mun hafa gríðarleg áhrif á hvernig við horfum á menntun og færniþróun yfir starfsaldurinn. Meiri krafa verður á samfélög, fyrirtæki og einstaklinga að þróa færni sína yfir starfsaldurinn til að tryggja samkeppnishæfni.

Skýrustu merki tæknibreytinga eru þó líklega sýnileg í

sjávarútvegi þar sem stöðugildum við veiðar og vinnslu hefur fækkað um nær helming á einungis tveim áratugum á sama tíma og framleiðni og verðmætasköpun hefur aukist. Á mótí hafa orðið til ný störf tæknimenntaðra í fiskvinnslu auk starfa í annarri nýsköpun tengdri verðmætasköpun í sjávarútvegi. Það er þó ekki sjálfgefið að ný störf verði til í sömu löndum, svæðum eða landshlutum og þau sem hurfu. Það er heldur ekki sjálfgefið að þeir sem töpuðu eldri störfum uppfylli kröfur nýrra starfa sem til verða.

Markaðurinn mun ekki endilega tryggja bestu niðurstöðuna fyrir samfélög, byggðir og almenning. Hvorki að alls staðar verði störf við hæfi, né að arðinum af tækniframförum sé skipt með réttlátum hætti. Með réttum upplýsingum og kortlagningu á ólíkum sviðsmyndum eru stjórnvöld, verkalýðshreyfingin, fyrirtæki og samtök þeirra, stofnanir og einstaklingar með bestu mögulegu upplýsingar til að geta búið sig undir framtíðina og tekið bestu ákvarðanir til að nýta tækifæri og bregðast við ógnunum.





## Munu störf hverfa?

Frá því að skýrsla Frey & Osborne var gefin út árið 2013 hefur mikið verið rætt um hver áhrif sjálfvirknivæðingar kunni að vera á störf á vinnumarkaði<sup>1</sup>. Niðurstaða skýrslunnar var að miklar líkur væru á sjálfvirknivæðingu um helming starfa á bandarískum vinnumarkaði. Þó niðurstaða skýrslunnar hafi að öllum líkindum ofmetið áhrif sjálfvirknivæðingar voru niðurstöðurnar jákvæðar að því leyti að þær komu af stað nauðsynlegri umræðu um áhrif tæknibreytinganna. Aðrar greiningar hafa sýnt fram á mun hóflegri áhrif sjálfvirknivæðingar, þ.e að áskorunin sé mun fremur að störf taki hraðari breytingum heldur en að þau hverfi<sup>2</sup>. Þannig kom fram í nýlegri rannsókn OECD að sjálfvirknivæðing væri einungis líkleg á 6% starfa í Noregi borið saman við 33% starfa í Slóvakíu<sup>3</sup>. Rannsókn sem gerð var innan sænsku verkálýðshreyfingarinnar beitti ólíkri aðferðafræði og einfaldlega spurði starfsmenn í verslun með hvaða hætti störf þeirra hafi tekið breytingum vegna tæknibreytinga<sup>4</sup>. Meirihluti aðspurðra töldu störfin sín ekki hafa breyst á

undanförnum fimm árum á meðan 13% sögðu störf eða verkþætti hafa verið sjálfvirkjaða. Fimm prósent töldu tækniframfarir hafa búið til ný störf. Niðurstaða skýrslunnar var sú að störfum í verslun muni fremur fjölga með vexti netverslunar og að vöxturinn geti orðið meiri ef sænskar netverslanir auka sölu yfir landamæri. Vandi fyrirtækja yrði ekki síður aðgengi að hæfu starfsfólki.

Samsetning starfa og atvinnugreina í ólíkum hagkerfum hefur ráðandi áhrif á hvert umfang sjálfvirknivæðingar geti orðið á komandi árum. Þannig skoðaði ILO sérstaklega textíl og fataiðnað í Suður-Asíu og niðurstöðurnar þar voru verulega á skjön við mat á þróaðri hagkerfum á vesturlöndum. Í skýrslunni er bent á að sú atvinnugrein væri sérstaklega í áhættu þegar kemur að sjálfvirkni. Höfundar töldu líklegt að 64% starfa við fataframleiðslu í Indónesíu gætu orðið sjálfvirkjuð, 86% í Víetnam og 88% í Kambódíu<sup>5</sup>. Ennfremur væri ekki öruggt að störfin yrðu sjálfvirkjuð á þeim stöðum þar sem þau eru núna unnin heldur gæti sjálfvirk framleiðsla fremur risið á endamörkuðum í Evrópu eða Ameríku.

Ljóst er að varpa þarf mun skýrara ljósi á mögulegt umfang tæknibreytinga á næstu árum. Marga þætti er þó ávallt erfitt að leggja mat á enda hefur tækniþróun ekki

1 Sjá skýrslu Frey & Osborne, "The Future of Employment".

2 Sjá greiningu OECD, Automation and independent work in a Digital Economy". <https://www.oecd.org/els/emp/Policy%20brief%20-%20Automation%20and%20Independent%20Work%20in%20a%20Digital%20Economy.pdf>

3 Sjá skýrslu OECD, "Automation, skills use and training". [https://www.oecd-ilibrary.org/employment/automation-skills-use-and-training\\_2e2f4eea-en](https://www.oecd-ilibrary.org/employment/automation-skills-use-and-training_2e2f4eea-en)

4 Sjá skýrslu Handels, <https://handels.se/globalassets/centralt/media/pressrum/rapporter/2018/handels-rapport-om-digitalisering.pdf>

5 Sjá skýrslu ILO, [https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed\\_dialogue/---act\\_emp/documents/publication/wcms\\_579560.pdf](https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_dialogue/---act_emp/documents/publication/wcms_579560.pdf)

einangruð áhrif heldur áhrif með og til viðbótar við aðra strauma sem dynja á samfélaginu. Þannig gæti sem dæmi þróun í vöruflutningum og lækkun flutningskostnaðar aukið fótfestu erlendra verslunarrisa á íslenskum markaði í formi netverslunar og haft áhrif á þúsundir starfa um allt land.

## Menntun til framtíðar

Þegar Siemens hóf leit að starfsfólki í nýrri verksmiðju í Karólínufylki í Bandaríkjunum sýndu um 10 þúsund manns áhuga á 800 störfum. Af þessum fjölda uppfylltu færri en 15% áhugasamra grunnkröfur um lestur, skrif og stærðfræðipekkingu<sup>6</sup>. Framleiðlustörf hafa tekið gríðarlegum breytingum og þau störf sem nú má finna í framleiðslu í nútíma verksmiðjum kalla á allt aðra færni og þekkingu heldur en sambærileg störf fyrir fáeinum árum. Þetta dæmi er umhugsunarvert nú þegar störfum fer fækkandi í fiskvinnslu á landsbyggðinni með aukinni sjálfvirkni í sjávarútvegi.

Nýleg rannsókn á fullorðinsfræðslu í OECD ríkjum bendir til þess að full þörf sé á að kortleggja símenntun og fullorðinsfræðslu á Íslandi. Niðurstöður OECD benda til að

einstaklingar í störfum sem líklegt er að verði sjálfvirkjuð séu mun ólíklegri til að þróa eða uppfæra færni sína. Einstaklingar með litla menntun og færni eru mun ólíklegri til að sækja sér fræðslu heldur en einstaklingar með meiri menntun og færni. Sömu niðurstöður sjást hjá öðrum hópum, m.a. hjá þeim sem eldri eru, fólki í hlutastörfum og atvinnulausum<sup>7</sup>.

Færni launafólks og aðgengi fyrirtækja að mannaúdi mun hafa lykiláhrif á það hvort ríkjum og hagkerfum takist að nýta tækifærin sem felast í fjórðu iðnbyltingunni og búa til fleiri og verðmætari störf en þau sem glatast. Við getum ekki komið í veg fyrir að störf verði sjálfvirkjuð en hægt er að tryggja færni einstaklinga til að takast á við nýjar áskoranir. Það er ljóst að óvissa um þróun til framtíðar dregur úr getu stjórnvalda, stofnana, einstaklinga og ólíkra aðila til að taka upplýstar ákvarðanir til að mæta fyrrgreindum áskorunum. Sem dæmi hefur Ísland um árabíl ekki verið hluti af PIAAC rannsókn OECD um grunnfærni<sup>8</sup> né hefur heldur ekki verið lagt mat á færniþörf á vinnumarkaði til framtíðar á Íslandi. Af þeim sökum skortir upplýsingar til stefnumótunar í málaflokknum hér á landi.

Flest ríki Evrópu kjósa að bregðast við óvissu með

6 Sjá grein NY Times, <https://www.nytimes.com/2017/01/30/education/edlife/factory-workers-college-degree-apprenticeships.html>

7 Sjá skýrslu OECD, „Getting skills right: Future-Ready Adult Learning Systems“

8 Stefnt er að því að Ísland verði hluti af næstu PIAAC rannsókn en niðurstöður verða birtar 2023.





auknum upplýsingum og mótun stefnu til að mæta áskorunum til framtíðar. Þannig hafa Norðmenn á undanförunum árum sett forgang í uppbyggingu færnisþáferlis og mótun hæfnistefnu fyrir vinnumarkað. Í úttekt OECD á færniþróun í Noregi var meðal annars lögð áhersla á þessi atriði, uppbyggingu færnisþáferlis, mótun hæfnistefnu og ekki síður aðgerðaáætlun til að ná settum markmiðum<sup>9</sup>.

Í skýrslu sem nýlega var skilað til Velferðarráðuneytisins, Færniþörf á vinnumarkaði voru settar fram tillögur um hvernig stjórnvöld gætu metið færniþörf á íslenskum vinnumarkaði til lengri tíma<sup>10</sup>. Slíkt spáferli nýtist ekki bara stjórnvöldum til stefnumótunar heldur er lögð gríðarleg áhersla í öllum ríkjum sem spá fyrir um færniþörf að upplýsingar nýtist einstaklingum til ákvörðunartöku. Þannig geti einstaklingar sjálfir tekið ákvarðanir um hvaða færni þeir þurfi og geti fjárfest í, til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Enn fremur myndi kerfisbundið spáferli hjálpa menntastofnunum, símenntunarstöðvum, stofnunum, sveitarfélögum og atvinnulífi að bregðast við áskorunum og fyrséðri þróun í atvinnulífi til lengri tíma.

9 Sjá úttekt OECD á Noregi [https://www.oecd.org/skills/nationalskillsstrategies/OECD\\_Skills\\_Strategy\\_Action\\_Report\\_Norway.pdf](https://www.oecd.org/skills/nationalskillsstrategies/OECD_Skills_Strategy_Action_Report_Norway.pdf)

10 Sjá skýrslu sérfræðingahóps, „Færniþörf á vinnumarkaði“. Unninn af fulltrúum frá ASÍ, SA, VMST og Hagstofu Íslands <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=0681c095-7921-11e8-9429-005056bc4d74>

## Lokaorð

Þróuð hagkerfi setja um þessar mundir mikla áherslu á aðgerðir til að tryggja samkeppnishæfni og lífskjör á næstu árum. Að óbreyttu mun sjálfvirknivæðing koma til með fækka venjubundnum störfum í framleiðslu, verslun, þjónustu o.fl. Aukin áhersla á ótrygga hlutavinnu og þættingu starfa niður í verkefni setur einnig þrýsting á afkomuöryggi vinnandi einstaklinga enda hvílir stór hluti af réttinda- og velferðarkerfi vinnumarkaðar á því að um hefðbundið fast ráðningarsamband sé að ræða.

Tækifærin eru til staðar en til að þau séu nýtt er mikilvægt að móta skýra stefnu um hvert eigi að stefna. Annars er hættu á því að tækifærin verði til utan Íslands og Ísland sitji eftir eins og þorp í borgarmyndun síðustu aldar. Þessi þróun mun auka þrýsting á stjórnvöld að tryggja hér verðmæt störf um land allt með stefnu í atvinnumálum og tryggja hér aðgengi að hæfu starfsfólki. Stjórnvöld munu ennfremur þurfa að vera vakandi gegn hrakvinnu sem dregur úr tekju- og ráðningaröryggi launafólks. Aðgerðaleyfi mun ýta undir ójöfnuð, draga úr atvinnu- og afkomuöryggi og aukið umfang ótryggrar vinnu.



# Erlenda samstarfið

**S**amiðn á aðild að sex erlendum samböndum, tveimur norrænum, tveimur evrópskum og tveimur alþjóðlegum.

Dregið hefur úr þátttöku Samiðnar í erlendu samstarfi ekki síst vegna mikils kostnaðar. Þátttakan tengist fyrst og fremst stjórnarsetu í IN og EBFT og heimsóknum til einstakra sambanda í tengslum við þing þeirra og ársfundi. Samiðn hefur ekki tekið virkan þátt í starfi alþjóðasambandanna og má því segja að hún sé fyrst og fremst táknræn með greiðslu skatta til þeirra.

Það sama má segja um þátttöku í Evrópusambandi byggingamanna EBTF. Þrátt fyrir að Heimir Kristinsson hafi átt sæti í sambandsstjórn, hefur Samiðn ekki komið að einstökum verkefnum sem sambandið hefur staðið fyrir. Heimir Kristinsson sótti síðasta þing sambandsins sem haldið var í desember 2015 í Póllandi og setið einstaka fundi sambandsstjórnar.

Hilmar Harðarson er fulltrúi Samiðnar í IndustriAll

Europes (Evrópusambandi málmiðnaðarmanna) og á sæti í sambandsstjórn ásamt fulltrúa frá VM. Samkomulag er milli Samiðnar og VM um að fulltrúi VM sinni daglegu samskiptum við IndustriAll Europes en Samiðn IN.

## Megin áherslur IndustriAll Europes eru sjö:

- Samræma störf og áherslur aðildarsambandanna
- Taka þátt í alþjóðavæðingunni með félagslegar áherslur
- Vinna að alþjóðlegum rammasamningi
- Byggja upp netverk í tengslum við alþjóðleg fyrirtæki
- Vinna með aðstoð við Kína og Indien
- Reka áróður fyrir félagslegri samstöðu

## Industrianställda Norden (IN)

Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar er fulltrúi sambandsins í stjórn IN og hefur hann borið þungann af því starfi. Haldnir eru tveir reglulegir stjórnarfundir ári á auk ársfundar sem haldinn er í löndunum til skiptis og var hann

haldinn á Íslandi 2018. Stefnumótunin fer fram m.a. með vinnu sérfræðinga og í tengslum við Evrópu- og alþjóðasamtökin. Fastanefndir eru starfandi t.d. menntanefnd sem Hilmar á sæti í og kjarasamninganefnd en Samiðn er ekki virkur þáttandi í, en fylgist með þeirri vinnu sem þar fer fram enda beinist vinna ekki síst að samræmingu kjarasamninga innan Evrópulandanna en fellur ekki alltaf að okkar kjarasamningum. Vaxandi umræða hefur verið í stjórn IN um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar. Norðurlöndin eru vel í stakk búin til að takast á við þær breytingar sem vænta má vegna mikillar tæknibekkingar og góðrar menntunar. Með frumkvæði og framsækni getur fjórða iðnbyltingin skapað mikil tækifæri en jafnframt ógnanir ekki síst fyrir starfsfólk með litla menntun. Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin taki jákvætt á móti fjórðu iðnbyltingunni og nýti þau tækifæri sem hún skapar en jafnframt að standa vörð um réttindi og stöðu þeirra sem hugsanlega missa atvinnu tengda tæknibreytingum. Einnig hefur umræðan beinst að þeim nýju pólitísku straumum sem upp eru í Evrópu og hvað áhrif þeir hafa á velferðarkerfið.

## Stafræna byltingin

Matti Hirvola (aðalritari Samtaka iðnverkaþólks í Finnlandi) vann skýrslu fyrir stjórn IN um breytingar í atvinnulífi og í samfélaginu öllu með þeim tæknibreytingum sem verið hafa síðustu ár og stafræna byltingu sem nú stendur yfir í atvinnulífinu.

Er þar m.a. vísað til verkefna sem í dag eru leyst af tækjum með „gervigreind“ og svo flóknir algóritmar sem vinna úr flóknum gögnum. Sjálfvirknin er taka stjórnina og sjálfvirk tæki taka yfir æ fleiri verkefni.

Skýrslan fjallar um ólíka þætti þessarar þróunar en dregur svo fram eftirfarandi ábendingar og leiðbeiningar til aðildarsamtaka IN:

Ríkisvaldið og aðilar vinnumarkaðarins þurfa að ná sameiginlegri sýn á stöðunni og yfirstandandi þróun – og



hafa sameiginlega sýn um það samfélag sem stafræna þróunin er að skapa. Þetta kallar á öflugra samtal og að „samfélagssáttmálinn“ sem er við lýði sé í sífelldri endurskoðun.

Aðilar þurfa að ná sátt um vinnumarkaðsmódel þar sem frjálsir kjarasamningar eru grunnur að sátt á vinnumarkaði.

Það þarf að snúa við aðför nýfrjálsþyggjunnar að velferðarsamfélaginu og byggja á ný upp traust almennings á velferðarkerfinu og að það veiti öryggi bæði gegn gömlum og nýjum hættum. Aðilar þurfa að ná sátt um framtíðarskipan sem byggi á hugsjón um afkomutryggingu, félags- og heilbrigðisþjónustu og jafna möguleika allra til menntunar. Þessa sýn þarf að rýna með tilliti til tækniþróunar og samfara samfélagsbreytingum og breytingum á vinnumarkaði.

Aðilar vinnumarkaðarins þurfa að upplýsa launafólk um breytingar sem eru fyrirþáanlegar – og á sama tíma þurfa verkalýðsfélögin að veita félagsmönnum sínum leiðbeiningar og handleiðslu og bjóða upp á fræðslu þannig að þeir fóti sig í síbreytilegu atvinnulífi.

Verkalýðshreyfingin þarf að tryggja að starfsmenn fái aðgang að breytingaferlum í fyrirtækjunum og að starfsfólk



fái að meta hvernig tækniþróun geti bætt vinnuaðstöðu og fyrirkomulag vinnu.

Endur-og símenntun er ein helsta áskorun vinnumarkaðarins í framtíðinni. Menntakerfi hvers lands þarf að aðlaga sig að hugsun um að menntun sé ævilangt verkefni og að það verði aðgengilegt fyrir launafólk að sækja sér

nauðsynlega símenntun. Á það hefur ítrekað verið bent í fjölda skýrslna síðustu ár – að endurmenntun verður stór hluti almennrar þátttöku á vinnumarkaði en þessi hugsunarháttur hefur að mestu aðeins náð flugi meðal starfsstétta sem mesta menntun hafa fyrir.)

Meira að segja almenn þátttaka í samfélaginu er farin að

hvíla mjög á almennu menntastigi. Með því að lengja skyldunám til að ná yfir almenna framhaldsmenntun einnig – aukast mjög atvinnumöguleikar ungmenna og færni þeirra eykst.

Við kjarasamningsgerð ættu báðir aðilar að hafa skýr markmið um þær færnickröfur sem gerðar eru til starfa og hvaða menntunarmöguleikar eru í boði sem aðstoða launafólk við að ná þeirri færni og hæfni sem þarf til að vinna störf.

Sem hluta af framtíðarsýn vinnuarkaðarins ætti að vera „upsagnarvörn“ - sem veitir launafólki vörn gegn uppsögnum vegna tækniframfara – þetta er nátengt hugmynd um samþættingu vinnuarkaðar og símenntunar.

Með þeim stórfelldu breytingum sem starfræna þróunin veldur er æ mikilvægara að stjórnvöld og aðrir byggi aðgerðir á réttum upplýsingum. Hvert norrænu landanna þarf því sín eigin rannsóknargögn sem byggja á sérstöðu hvers lands.

## **Framtíð norræna velferðarmóðelsins í Evrópu:**

Stefan Löfven – forsætisráðherra Svíþjóðar og fyrrverandi formaður stjórnar IN kom á fund stjórnar IN og ræddi um framtíð velferðarkerfanna í Evrópu.

Stefan talaði um „varnarsigur“ sænskra sósíaldemókrata í síðustu kosningum og hversu mikilvægt væri að halda hægri frjálshyggjuflokkunum frá stjórn landsins.

Hann ræddi um að nú væri svo sterk hægri sveifla á Norðurlöndunum og í Evrópu að gífurlega mikilvægt væri að sósíaldemókratar og verkalýðshreyfingin ynni saman – annars væri enginn til að stöðva frjálshyggjuna.

Eitt það mikilvægasta sem við gerum er að verja atvinnuna og bendir á að í Svíþjóð fari atvinnuleysi minnkandi og 50.000 störf hafi skapast á síðustu mánuðum.

Leggur áherslu á að verkalýðshreyfingin komi að málum á sem flestum sviðum – ekki bara að kjarasamningum – heldur einnig endurmenntun – endurhæfingu og fleira og fleira.

Segir að innri markaður með reglum sé nauðsynlegur en innri markað þar sem launþegum sé att saman og traðkað á réttindum launafólks -þann innri markað þurfum við ekki.



Fjallaði um aðdraganda EU þingkosninganna í vor.

Veiking velferðarkerfanna skapar óöryggi og óöruggt fólk er líklegra til að falla fyrir öfgaskoðunum og jafnvel hægri þjóðernishyggju. Verkefnið er að efla velferðarkerfið þannig að almenningur upplifi sig öruggan og sem þátttakanda í tæknisamfélaginu en ekki utanveltu.

Mikið af erindi Stefans átti skýran samhljórn með umræðunni um stafræna þróunina – og aðallega varðandi það að almenningur og launafólk væru þátttakendur og nyti möguleika til að endurmennta sig og fylgja þróuninni. Stefan kom einnig inná skólaskylduna og þörfina á að framhaldsmenntun væri í takt við breytingar í samfélaginu og aðkomu hagsmunaaðila að uppbyggingu framhaldsskóla.

## **Nordiska Byggnads- och Träarbetarefederationen NBTF**

Stjórnarseta skiptist á milli Samiðnar og RSÍ og hefur það komið í hlut RSÍ að vera með fulltrúa í stjórn NBTF á kjörtímabilinu. Kristján Þórður Snæbjarnarson hefur verið aðalmaður og Heimir Kristinsson er varamaður. Nokkuð hefur dregið úr starfsemi NBTF og hefur þátttaka Samiðnar verið með minnsta móti að öðru leyti en að Ólafur Magnússon og Heimir Kristinsson sóttu ársfund NBTF s.l haust. Á næsta ári mun fulltrúi Samiðnar setjast í stjórn og þá væntum við meiri virkni af hálfu Samiðnar.

# Fastanefndir á vettvangi Alþýðusambands Íslands



## **Atvinnumálanefnd**

*Fulltrúi Samiðnar er Heimir Kristinsson*

Nefndin fjallar um atvinnumál í víðum skilningi. Málefnið hafa verið mörg og mismunandi t.d. umfjöllun um stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, uppsagnir Granda á Akranesi, búvörusamninga, samkeppnishæfni Íslands og stöðu íslensku krónunnar, hagkvæmi þess að leggja borgarlínu svo eitthvað sé nefnt. Atvinnumálanefnd vann einnig að umræðuskjali og áherslum sem snúa að atvinnumálum fyrir þing ASÍ árið 2018. Þá vil ég minna á Heimskringluna en „Heimskringlan“ er góður vettvangur til að sjá upplýsingar og fréttir um alþjóðamál sem varða launafólk sérstaklega.

## **Jafnréttis og fjölskyldunefnd**

*Fulltrúi Samiðnar Jóhann Rúnar Sigurðsson*

Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarféлага ASÍ. Nefndin kemur saman eftir þörfum frá hausti fram á sumar og þess á milli nýta nefndarmenn sér tölvutæknina til samskipta. Nefndin er mikilvægt bakland fyrir jafnréttisfulltrúa ASÍ og þá fulltrúa sambandsins sem sitja í nefndum og ráðum þar sem fjallað er um jafnrétti á vinnumarkaði.





Nefndin hefur staðið fyrir ýmsum ráðstefnum um jafnréttismál á þessum árum samanborið

#### **24. október – Kvinnafri 2016**

Kjarajafnrétti strax! var yfirskrift samstöðufunda kvenna á Íslandi sem haldnir voru á Austurvelli í Reykjavík og á 19 öðrum stöðum um land allt, mánudaginn 24. október 2016. Talið er að ríflega 20 þúsund konur og karlar hafi mætt á samstöðufundinn á Austurvelli auk fleiri þúsunda víða um landið, m.a. voru nálægt tvö þúsund manns á samstöðufundinum á Akureyri.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd í samvinnu við fræðsludeild ASÍ boðaði talskonur aðildarfélaga ASÍ á fræðslu- og tengslaráðstefnuna Tökum brúna dagana 14.-15. apríl 2016.

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2016 og 2017 var hádegisverðarfundur á Grand hótél sem bar yfirskriftina „Örugg í vinnunni? Að fundinum stóðu auk ASÍ, BSRB, BHM, KÍ, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð.

Þá tók jafnréttisráð ASÍ þátt í aðgerðahóp um launajafnrétti frá 2016-2018. Verkefni aðgerðarhópsins samkvæmt erindisbréfi frá 24. október 2016 er meðal annars

að vinna að eftirfylgni tillagna um framtíðarstefnu í jafnréttismálum.

Einnig er rík áhersla á innleiðingu jafnlaunastaðalsins og vinna við reglugerð um vottun jafnlaunakerfa og tillögur að kröfum til þeirra vottunarstofa sem gefa sig út fyrir að votta innleiðingu staðalsins.

Málþing um Elku Björnsdóttur verkakonu og stöðu verkakvenna þá og nú var haldið 7. september 2017. Tilefnið var að minningarmark um Elku Björnsdóttur í Hólavallagarði var reist að frumkvæði Reykjavíkurborgar.

### **Menntamál**

*Finnbjörn Hermannsson*, formaður Byggiðnar hefur sinnt menntamálum og setið í menntanefnd ASÍ og stjórn Iðunnar fræðsluseturs

### **Fagháskólanám**

Árið 2013 kom út á vegum OECD skýrslan „Leikni að loknu námi“ (Skills beyond school) og fjallaði hún um starfsmenntun á Íslandi. Í skýrslunni komu fram margvíslegar



ábendingar um hvernig bæta megi starfsmenntun hér á landi og eru ábendingarnar grunnur að áherslum mennta- og menningar-málaráðuneytisins um starfsmenntun sem koma fram í Hvítbók um umbætur í menntun sem kom út í júní 2014.

#### Áherslur Hvítbókarinnar eru:

1. Endurskipulagning náms á starfsmenntabrautum með einfaldara grunnám að leiðarljósi, þrepaskiptingu, hæfnikröfum og styttingu námstíma.
2. Að allt starfsnám feli í sér vinnustaðanám, en gæðamat, ábyrgð og fjármögnun vinnustaðanáms verði endurskoðuð.
3. Að laga- og stofnanaumgjörð starfsnáms eftir framhaldsskóla verði endurskoðuð og afstaða tekin til hvort stofna skuli sérstakt fagháskólastig.
4. Bætt stýring og stjórnsýsla starfsmenntamála með því að endurmeta hlutverk nefnda og ráða og skilgreina hlutverk aðila á því sviði.
5. Að náms- og starfsráðgjöf og starfsfræðsla verði eflað, bæði í efstu bekkjum grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla, og ýtt verði undir að fleiri nemendur velji sér starfsnám.

Í september 2014 skipaði mennta- og menningar-málaráðherra verkefnishóp til að fylgja áherslum Hvítbókarinnar eftir og skilgreindi hópurinn markmið, mælikvarða og aðgerðir til að hrinda áherslunum í framkvæmd. Sneri eitt markmiðið sérstaklega að því að byggja upp fagháskólastig til framtíðar og féllu undir það markmið tvær aðgerðir:

- a) Teikna upp núverandi námsleiðir á milli skólastiga (opnar leiðir) og skoða aðgangskröfur háskólanna.
- b) Skipa nefnd til að skilgreina fagháskólastigið, rýna núverandi valkosti og gera tillögu um framtíðarfyrirkomulag. Mikilvægt er að skilgreindar verði greiðar leiðir úr starfsnámi á framhaldsskólastigi í háskólanám.

Í kjarasamningum 2015 var lögð fram krafa um fjármagn frá stjórnvöldum til að koma í framkvæmd kröfu iðnaðarmannasamfélagsins um þróun fagháskólastigs í anda Hvítbókar.

Vorið 2015 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um ráðstafanir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Í 6. lið sem fjallar um framhaldsfræðslu og starfsmenntun segir: „Tryggt verður fjármagn til að [...]hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds- og háskólakerfinu.“

Alls voru settar 100 milljónir í þetta verkefni af hálfu ríkisstjórnar og atvinnulífið lofaði 50 milljónum á móti. Mótframlag atvinnulífsins átti að tryggja að forsendur vinnunnar væru á sjónarmiðum og þörfum atvinnulífsins.

Skv. B lið Hvítbókar skyldi skipa nefnd um verkefnið og skilaði hún niðurstöðum til menntamálaráðherra í september 2016. Helstu niðurstöður hennar voru að:

- 1) Fjölga þarf nemendum í verk- og starfsnámi á háskólastigi í takti við þarfir atvinnulífs og samfélags með því að gera verk- og starfsnám meira aðlaðandi valkost fyrir ungt fólk þannig að slíkt nám verði álíka eftirsóknarvert og bóknám. Jafnframt að gefa einstaklingum á vinnumarkaði færi á að auka hæfni sína og fá hana viðurkennda.

- 2) Auka þarf samstarf háskóla, framhaldsskóla og atvinnulífs um fagháskólanám m.a. með því að skapa vettvang fyrir skipulag og stýringu fagháskólanáms með aðkomu atvinnulífsins
- 3) Auðvelda þarf og skilgreina einingamat milli skóla og skólastiga og fjölga markvisst valkostum og leiðum til samstarfs háskóla og framhaldsskóla, m.a. að veita framhaldsskólum aukin færi á að bjóða upp á nám á 4. þrepi með möguleikum á mati til náms á 5. þrepi
- 4) Markvisst þarf að vinna að því að háskólar bjóði upp á raunfærnimat og nám sem hentar þörfum nemenda með „óhefðbundinn“ bakgrunn. Þannig verði til aukið námsframboð fyrir einstaklinga á vinnumarkaði til að þróa sig í starfi og afla sér menntunar við hæfi.
- 5) Tryggja þarf að háskólar sjái sér fjárhagslegan hag í að bjóða upp á fagháskólanám, einir eða í samstarfi við framhaldsskóla og aðrar menntaveitur.
- 6) Bæta þarf greiningu og rannsóknir á stöðu starfs- og verknáms og þörfum atvinnulífsins.
- 7) Auka þarf upplýsingagjöf til nemenda varðandi fagháskólanám.
- 8) Efla þarf starfstengt námsframboð á landsbyggðinni í takti við staðbundnar þarfir m.a. með því að skapaður sé grunnur fyrir svæðisbundið frumkvæði til bjóða upp á fagháskólanám í samstarfi við viðurkennda háskóla innlenda eða erlenda.

af hálfu launamanna og atvinnurekenda innan ASÍ /BSRB og atvinnurekenda. Þar voru skilgreind 6 verkefni

1. Framhaldsnám sjúkraliða í öldrun
2. Meistaraskóli byggingaiðnaðarmanna
3. Diplómanám í verslunarstjórnun
4. Meistaraskóli rafiðnaðarmanna og þróun BS náms í raftækniþæði
5. Fagháskólanám í véltækni og bílgreinum
6. Diplómanám í ferðaþjónustu

Þegar farið var að vinna verkefnið betur kom í ljós augljós samlegð með meistaranámi í byggingagreinum og rafiðngreinum og var þeim verkefnum þáttað saman. Eftir stóðu þá 5 verkefni.

Starfshópar voru settir á laggirnar við hvert þeirra og var vinna að hefjast er skipti urðu á menntamálaráðherrum. Sá er tók við taldi sig ekki bundinn af loforðum og ákvörðunum fyrri ráðherra og stöðvaði framkvæmd allra verkefna með því að taka féð úr höndum þeirra er sömdu um það og deila því til allra háskóla á Íslandi í óskilgreind verkefni. Við það urðu þau verkefni sem búið var að vinna undirbúningsvinnu við af hálfu launamanna og atvinnurekenda munaðarlaus og vanfjármögnuð. Í stuttu máli varð þetta inngrip ráðherrans til þess að ekkert hefur gerst í þeim verkefnum sem fulltrúar Samiðnar unnu að þ.e. að færa meistaraskólanám á háskólastig og fagháskólanám í véltækni og bílgreinum.

Nýverið hefur verið kallað til fundar í stýrihóp meistaranáms og er verið að keyra það verkefni af stað aftur,

Í anda annars liðar tillögu nefndarinnar var sett af stað vinna



en nú á forsendum HR sem var samstarfsskóli okkar í því verkefni. Auk þess er búið að setja af stað vinnuhóp á vegum menntamálaráðuneytisins til að taka stöðuna á þeim verkefnum sem háskólarnir ætla að setja af stað. Verkefni hópsins verður að halda utan um verkferla og gera tillögur að ramma utan um væntanlegt fagháskólanám og tengingar milli framhaldsnáms og fagháskólanáms. Öll þessi vinna er á byrjunarstigi og of snemmt að spá um framvindu og afurðir. (greinin unnin að hluta uppúr lokaskýrslu um fagháskóla sept 2016)

### **Starfsgreinaráð bygginga og mannvirkjasviðs**

Menntamálaráðuneytið veitti fé í gerð námsbrautarlýsinga fyrir framhaldsskólastigið. Allmargir skólar hafa nýtt sér það og starfsgreinaráði bárust námsbrautarlýsingar frá nánast öllum skólum er kenna húsasmíði. Alls 11 skólar kenna húsasmíði og samkvæmt framhaldsskólalögunum frá 2008 hefur hver skóli heimild til að gera sína eigin námsskrá fyrir hverja iðngrein. Þannig eru nú 11 mismunandi námsskrár gildar um eitt fag, húsasmíði. Starfsgreinaráð hefur beint þeim tilmælum til skólanna að þeir reyni að samræma þessar námsskrár eins mikið og hægt er. Aðrar byggingagreinar eru með misgamlar námsskrár. Mjög mikilvægt er að endurskoða námsskrár reglulega til að námið fylgi örri tækniþróun og nýjum eignum. Ein ný námsskrá barst til umsagnar en gera á tilraun að kenna plasttækni og plastbátasmíði. Það er það fagnaðarefni ef hægt verður að gera námsbraut í þessari ört vaxandi grein.

Ný námsskrá í meistaranámi hefur verið endurskoðuð. Er

það að hluta gert í anda þess að verið er að skoða fagháskólanám og flytja meistaranám að mestu leyti á fjórða hæfnisþrep íslenska hæfnirammans.

Á vegum starfsgreinaráðs og IDUNNAR eru starfandi fagnefndir einstakra iðngreina í byggingagreinum. Mismikið starf fer þar fram. Mest er starf þeirra á sviði endurmenntunar Iðunnar.

Síðastliðin þrjú ár hefur verið stígandi í aðsókn í byggingagreinar í verkmenntaskólum landsins. Síðast liðna önn voru flestir skólar fullsettir í húsasmíði. Aukning hefur verið í múrverk, pípulagnir, málun og húsgagnasmíði. Bólstrun og dúklagnir eru enn að glíma við nemaskort.

Nemum sem fara í gegnum formlegt iðnnám með hluta námsins metið með raunfærnimati fjölgar stöðugt. Fleiri iðngreinar eru nú metnar og er ásókn frá iðngreinum að fá nema raunfærnimetna. Raunfærnimat hófst hjá IDUNNI árið 2007 og hafa alls 553 einstaklingar farið í gegnum raunfærnimat í húsasmíði, 173 einstaklingar hafa verið metnir í pípulögn, 134 í málaraíð, 78 í múrverki og 43 í skrudgarðyrkju. Fullyrða má að stór hluti þessara nema hefðu ekki haft sig í að hefja formlegt nám aftur ef ekki hafi komið til raunfærnimatið og utanumhald IDUNNAR á náminu.

### **Umhverfisnefnd**

*Fulltrúi Samiðnar Heimir Bj. Janusarson*

Undirritaður hefur setið sem fulltrúi Samiðnar í umhverfisnefnd ASÍ tvö síðustu kjörtímabil og hefur ýmislegt komið inn á borð nefndarinnar. t.d. að veita umsögn um





rammaáætlun og miðhálandisþjóðgarð og leggja drög að umhverfisstefnu fyrir sambandið. Umhverfisnefndin hefur staðið fyrir málþingi um umhverfismál og fleira. Eftir síðasta þing Alþýðusambandsins var hlutverki nefndarinnar breytt og fékk hún nafnið umhverfis og neytendanefnd. Eykur það vægi nefndarinnar því eins og staðan er í umhverfismálum þá þarf mjög róttækar aðgerðir því að svo virðist að hinar verstu spár munu rætast. Þurfum við því bæði að draga úr útblæstri á gróðurhúsalofttegundum sem og að draga úr neyslu. Um leið og við drögum úr neyslu þá gerum við meiri kröfur um gæði, ekki bara bragðgæði heldur spyrja okkur spurninga eins og uppfylla þessar gæðakröfur sem við gerum um kolefnisspor eða með tillit til sóunar og réttlátari skiptingu arðsins af vörunni.

Lykill að ögn bjartari framtíð fyrir börn okkar og barnabörn er sá að VIÐ drögum úr neyslu okkar, hættum óþarfa innflutningi og innkaupum. Þegar að kemur að samgöngum er einsýnt að það verður ekki bara ein lausn fyrir alla. Á sumum stöðum munu rafmagnsbílar taka yfir en annarsstaðar verður metaneldsneyti svarið og á öðrum stöðum, gæti það verið etan/metanól jafnvel, aðrar gastegundir. Aðalsvarið í þeim málum verða auknar almenningssamgöngur og þetta byggð til að stytta ferðalög.

Þar sem við Íslendingar búum við að stærsti atvinnuvegur okkar er ferðaþjónusta og það eru engin smá kolefnisspor sem hver ferðamaður skilur eftir sig og má allt eins búast við því að hömlur verði settar á hið „frjálsa flug“ og tímar 4 flugferða á ári eru liðnir. Má benda á að þetta hafa verið rétt um 35-40 ár sem almenningur hefur lagst í þessi taumlausu ferðalög.

Yfirvöld hafa nú kynnt miklar og stórar aðgerðir gegn loftlagsbreytingum og sett sér ýmis markmið en ekki hefur enn verið upplýst hvernig almenningur á að taka þátt í verkefninu. Það vill þannig til að sama hver stefna fyrirtækja eða stjórnvalda er ef starfsfólk er ekki frætt um aðferð og markmið mun ekkert breytast.

Umhverfismerkingar á matvörur virðist vera sá frumskógur sem vex einna best nú um stundir og er talið að um 420 merkingar (misútbreiddar) megi finna á vörum á íslenskum stórmarkaði. Er það eitt af verkefnum yfirvalda og félagasamtaka að fækka merkingum og fræða almenning um þau.

Núna á haustdögum mun umhverfis og neytendanefnd ASÍ standa fyrir umhverfis og neytenda málstofu/fundi og verður dagskráin kynnt er líður að hausti.

Nú riður á að við öll stöndum saman og vinnum að róttækum breytingum, börnin okkar eiga það skilið.

## Velferðarnefnd

Ólafur S. Magnússon hefur verið fulltrúi Samiðnar í velferðarnefnd en helstu verkefni nefndarinnar hafa verið úrbætur í húsnæðismálum. Nefndin hefur einnig það hlutverk að fjalla um frumvörp félags- og húsnæðismálaráðherra og tillögur Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum. Verkefni Velferðarvaktarinnar hafa einnig verið til umræðu nefndarinnar og einnig tillögur vinnuhóps um endurskoðun á almannatryggingalögum og málefni aldraða

## Lífeyrisnefnd

Þorbjörn Guðmundsson hefur verið fulltrúi Samiðnar í Lífeyrisnefnd en formaður hennar er Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar.

Lífeyrismálin eru sígilt umræðuefni og er ekki að undra þar sem þau hafa orðið afgerandi áhrif á afkoma eftirlaunaþega og öryrkja. Á síðustu árum hefur hlutur lífeyris frá lífeyrissjóðum vaxið hratt sem hlutfall af heildarlífeyri eftirlaunalega og er kominn í 70% og mun sú þróun halda áfram á næstu árum. Mesta gagnrýnin hefur verið á tekju-tengingar almannatrygginga gagnvart lífeyri frá lífeyrissjóðum en almannatryggingar skerða lífeyrinn um 45% hjá hjónum og sambýlisfólki en um tæp 57% hjá þeim sem búa einir. Þessi mikla tekjuskerðing dregur úr ávinningnum af því að greiða í lífeyrissjóði og ýtir undir óánægju almennings með að vera skyldað til að greiða í lífeyrissjóði.

Samræming á lífeyriskerfum á almenna markaðinum og þeim opinbera er mikið fagnaðarefni og mun skipta miklu

máli til framtíðar ekki síst hvað varðar flæði á milli sem verður að telja mikilvægt.

Nú er svo komið að allir starfandi lífeyrissjóðir utan B deild LSR falla undir sömu löggjöfina.

Veikleiki lífeyriskerfisins er mikil neikvæðni almennings og vantrú á getu þeirra til að standa undir gefnum fyrirheitum. Það er forgangsverkefni að vinna að bættri ímynd en það er best gert með góðum stjórnunarháttum og gagnsæi í fjárfestingum. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fylgdi kjarasamningunum 2019 er því lýst yfir að fara eigi heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu. Tímabært er að endurskoða löggjöfina og færa hana til nútímans enda er hún að verða 20 ára gömul og margoft búið að bæta hana. Mikilvægt er að sátt náist um endurskoðunina en það er forsenda þess að verkefnið geti gengið hratt og vel fyrir sig. Í yfirlýsingunni er einnig kveðið á um að endurskoða eigi samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga sem er verkefni sem ekki má dragast úr hófi fram.





# Samstarf iðnaðarmanna

Iðnaðarmannafélögin og samböndin hafa haft margvíslegt samstarf bæði á sviði mennta-, réttinda- og kjaramála. Þetta samstarf hefur skilað góðum árangri bæði hvað varðar að samræma áherslur og ekki síst að auka vægi iðnaðarmanna á vettvangi heildarsamtakanna. Í kjarasamningum 2016 gerðu iðnaðarmannafélögin og samböndin með sér samstarfsamning sem tók til kjarasamningsgerðarinnar gagnvart Samtökum atvinnulífsins. Formenn Samiðnar, RSÍ og VM leiddu samstarfið og skipuðu viðræðunefnd sem kom fram fyrir hönd félaganna bæði gagnvart viðsemjendum og stjórnvöldum.

Nú hafa verið stigin stærri skref, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Stafir sameinuðust undir merkjum Birtu lífeyrissjóðs sem er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins. Samiðn, Byggiðn og FIT sem voru með starfsemi í Borgartúni 30 eru flutt að Stórhöfða 31 þar sem fyrir eru RSÍ, Matvís og

Grafía. Á næstu vikum mun endurbótum á húsnæðinu á Stórhöfða 31 ljúka og þá verður öll aðstaða til fyrirmyndar. Miklar væntingar eru bundnar við þetta samstarf og það leiði til þess að iðnaðarmannasamfélagið verði miklu sterkara m.a á vettvangi heildarsamtakanna og ekki síst gagnvart okkar viðsemjendum. Mikill áhersla verður lögð á góða og skilvirka þjónustu við félagsmenn.

Iðnaðarmannasamfélagið endurnýjaði samstarfssamninginn frá 2016 í upphafi viðræðna við SA vegna endurnýjunar kjarasamninga. Nú er svo komið að við getum sagt að 99% iðnaðarmannafélaganna komi sameiginlega gagnvart SA og það sama á við gagnvart ríki og sveitarfélögum.

Kristján Þórður Snæbjarnarson hefur verið valinn talsmaður iðnaðarmannafélaganna og Hilmar Harðarson er hans staðgengill.

# LÝSA

## rokkhátíð á Akureyri

**V**erkefnið er að norrænni fyrirmynd og er ætlað að skapa fólki með misjafnan bakgrunn aðstæður til að koma saman og ræða samfélagsmál frá mismunandi sjónarhóli. Hátíðina sækja bæði stjórnámamenn, almenningur og fulltrúar ólíkra félagasamtaka og er hún ekki síst hugsuð til að skapa vettvang þar sem stjórnámamenn og almenningur geta átt milliliðalaust samtal.

Árið 2017 var Samiðn þátttakandi í Lýsu verkefninu í samstarfi við ASÍ en það ár var hátíðin haldin í fyrsta sinn á Akureyri. 2018 voru iðnaðarmannafélögin og samböndin með sína eigin dagskrá og beindu athyglinni að fjórðu iðnbýltingunni. Nú er stefnt að þátttöku 2019 og gera það með meiri krafti og vera með tvo dagskráliði. Fyrir liggur að öll iðnaðarmannafélögin og samböndin verða saman og munu beina athyglinni að umhverfismálum og áhrifum vinnutíma á lýðheilsu

## Golfmót iðnaðarmanna

**L**öng hefð fyrir að Samiðn í samstarfi við aðildarfélögin hafi staðið fyrir árlegu golfmóti og hefur oft tekist með miklum ágætum. Sú breyting varð 2018 að haldin voru tvö golfmót í samstarfi við önnur iðnaðarmannafélög. Í byrjun júní var golfmót haldið á Leirunni og í lok á ágúst á Jaðarvelli við Akureyri og var góð mæting og frábær stemmning á báðum mótunum. Ákveðið er að halda þessu samstarfi áfram og í sumar verður mótahaldið með svipuðu sniði og á síðasta ári





# Iðn- og verkmenntun í fjórðu iðnbyltingunni



Iðnbyltingar hafa ávallt leitt samfélög áfram þar sem aukin framleiðni og hagvöxtur hafa skapast. Hagvöxtur hefur oft verið keyrður áfram á ódýru vinnuafli sem getur framleitt nógu ódýra vöru sem áhugasamir neytendur kaupa í stórum stíl. Nú er útlit fyrir að breytingar séu fram undan. Sú mikla neysla sem hefur verið í hinum vestræna heimi er harðlega gagnrýnd og sýnt hefur verið fram á að hún sé alls ekki sjálfbær. Hagvöxtur getur ekki verið byggður á neyslu sem gengur um of á náttúruauðlindir jarðar. Þessar grundvallarbreytingar á samfélögum kalla á breytingar á námi. Verkmennta- og tækniskólar þurfa að vera í nánara sambandi við atvinnulífið. Æskilegt væri að kennarar í verk- og tækninámi færu að lágmarki einu sinni á ári í nokkra daga til að kynna sér nýjustu starfshætti á vinnustöðum.

Samkvæmt nýlegri úttekt World Economic Forum á framtíðarhæfni starfsfólks til 2020 er sköpunarkraftur hástökkvari á lista yfir framtíðarhæfni starfsfólks. Virkja þarf sköpunarkraftinn, hvort tveggja hjá nemendum og starfsfólki. Samskiptahæfni er að sjálfsögðu mikilvæg ásamt gagnrýnni hugsun. Hlúa þarf að kennslu sem gefur nemendum góðan grunn í því fagi sem þau taka sér fyrir hendur.

Á vinnustöðum þarf nám að vera með þeim hætti að iðnnemi viti að hverju hann gengur. Stígandi þarf að vera í námi og kennsla á vinnustað uppbyggjandi. Verið er að þróa rafræna ferilbók sem auðveldar utanumhald í þessum efnum. Samvinna meistara og nemenda við vinnslu á ferilbók er lykilatriði til að hægt sé að halda skipulega utan um námið.

Mörg einhæf störfín eru á undanhaldi, þar sem vélar hafa tekið yfir eða munu gera það á næstunni. Það hefur aldrei verið mikilvægara fyrir iðnaðarmenn að bæta við sig þekkingu og fylgjast vel með. Hjá IDUNNI fræðslusetri hafa á undanförunum misserum verið haldin námskeið um þrívíddarprentun, drónamyndatökur og fleiri viðfangsefni sem tengjast þessum fjórðu iðnbyltingarinnar. Ertu þátttakandi í fjórðu iðnbyltingunni eða áhorfandi?

## **Ingi Rafn Ólafsson**

sviðsstjóri prent- og miðlunarsviðs

## **Ólafur Ástgeirsson**

sviðsstjóri bygginga- og mannvirkjasviðs

# Ársreikningur Samiðn, sambands iðnfélaga 2018



# Efnisyfirlit

**Bls.**

Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn .....	2
Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna .....	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2018 .....	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2018 .....	6
Sjóðstreymi ársins 2018 .....	7
Skýringar .....	8 - 12

## **Frankvæmdastjórn:**

Hilmar Harðarson, formaður  
Jóhann Rúnar Sigurðsson, varaformaður  
Heimir Kristínsson  
Ólafur S. Magnússon

## **Miðstjórn:**

Georg Ó. Ólafsson  
Guðmundur Rúnar Davíðsson  
Kolbeinn Arnarson  
Rúnar H. Bogason  
Sigurður Hólm Freysson  
Tryggvi Arnarson  
Unnur Ósk Eggertsdóttir

## **Frankvæmdastjóri:**

Þorbjörn Guðmundsson

## **Skoðunarmenn:**

Bjarnfinnur Hjaltason  
Unnur Ósk Eggertsdóttir

## **Kjörinn endurskoðandi:**

Grant Thornton endurskoðun ehf.  
Theodór S. Sigurbergsson  
lögiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er starfsemi stéttarféлага.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 13,2 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 88,7 millj.kr. en var um 75,6 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 1,5 og launagreiðslur félagsins námu um 11,9 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 1,5 og launagreiðslur félagsins námu um 10,9 millj.kr. á árinu 2017.

Framkvæmdastjórn, miðstjórn og framkvæmdastjóri Samiðnar staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10 / 5 2019

Framkvæmdastjórn:

Heimir Kristinsson  
Ólafur Magnússon  
Hilmar Magnússon  
Jóhann Rúnar Sigurðsson

Miðstjórn:

Kolbeinn Arnason  
Uinnur Ósk Eggertsdóttir  
TRUKEN FR. ARNARSSON  
Guðrún Óskur Ólafsson  
Kinnur Þórunn  
Guðrún Þórunn  
Sigurður Hólmfréysson

Framkvæmdastjóri:

Þorbjörgur Árnadóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa félagsins Samiðn, samband iðnfélaga.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samiðnar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð sambandinu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beittum við faglegu mati (e. professional judgment) og við höfum faglega tortryggni (c. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á.

## Áritun óháðs endurskoðanda - frh.


Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sambandsins.

Metum í heild sinni hvort ársreikningutinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.



**Theodór Sigurbergsson**

**löggiltur endurskoðandi**

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 10 / 5 2019

## Áritun skoðunarmanna

Við höfum yfirfarið ársreikning Samiðnar fyrir árið 2018 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 10 / 5 2019



Þorsteinn Hjaltason



Unnur Ósk Eggertsdóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Skattar Samiðn .....		74.206.493	67.962.452
Aðrar tekjur .....		1.287.096	1.212.544
		<u>75.493.589</u>	<u>69.174.996</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Skattar .....	(	30.688.292)	( 27.624.317)
Laun og tengd gjöld .....	(	15.726.230)	( 14.407.137)
Annar rekstrarkostnaður .....	(	16.529.056)	( 14.779.570)
Afskriftir .....	2, 6	( 464.083)	( 810.341)
		<u>( 63.407.661)</u>	<u>( 57.621.365)</u>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði .....</b>		12.085.928	11.553.631
<b>Fjármagnsliðir</b>			
	4		
Fjármunatekjur .....		1.275.668	3.147.558
Fjármagnsgjöld .....	(	40.766)	( 29.262)
Fjármagnstekjuskattur .....	(	154.070)	( 103.658)
Hrein fjármagnsgjöld .....		<u>1.080.832</u>	<u>3.014.638</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<u>13.166.760</u>	<u>14.568.269</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	2, 6	22.255.177	17.268.522
Fjárfestingarverðbréf .....	7	48.406.841	47.833.477
<b>Fastafjármunir</b>		<u>70.662.018</u>	<u>65.101.999</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	2, 8	98.856	63.908
Handbært fé .....	2	18.494.483	11.495.479
<b>Veltufjármunir</b>		<u>18.593.339</u>	<u>11.559.387</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>89.255.357</u>	<u>76.661.386</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		88.720.298	75.553.538
<b>Eigið fé</b>	9	<u>88.720.298</u>	<u>75.553.538</u>
Ýmsar skammtímaskuldir .....		535.059	1.107.848
<b>Skuldir alls</b>		<u>535.059</u>	<u>1.107.848</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<u>89.255.357</u>	<u>76.661.386</u>



## Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....		13.166.760	14.568.269
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	2, 6	464.083	810.341
Hagnaður af verðbréfaeign .....	2	( 573.364)	( 2.627.711)
		<u>13.057.479</u>	<u>12.750.899</u>
 Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .....		( 34.948)	1.002.305
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....		( 572.789)	426.874
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>( 607.737)</u>	<u>1.429.179</u>
		<u>12.449.742</u>	<u>14.180.078</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
 <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum .....		( 5.450.738)	( 9.666.720)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<u>( 5.450.738)</u>	<u>( 9.666.720)</u>
 Hækkun á handbæru fé .....		6.999.004	4.513.358
 Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>11.495.479</u>	<u>6.982.121</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		<u>18.494.483</u>	<u>11.495.479</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Aðalstarfsemi Samiðnar, sambands iðnfélaga, er starfsemi stéttarfélaga og er sambandið með aðalstarfsstöð í Reykjavík.

Sambandið á aðild að Alþýðusambandi Íslands (ASÍ). Rétt til inngöngu í Samiðn hafa félög og deildir launafólks í iðnaði vítt og breitt um landið. Í dag eru 12 aðildarfélög í Samiðn. Þau eru:

AFL - Starfsgreinafélag

BYGGIÐN - Félag byggingamanna

Félag iðn- og tæknigreina

Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði

FMA - Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri

Iðnaðarmannadeild Samstöðu

IFS - Iðnsveinafélag Skagafjarðar

Stéttarfélag Vesturlands

Þingiðn - Félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum

Verkalýðsfélag Akraness

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Verkvest - Verkalýðsfélag Vestfirðinga

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins Samiðn, samband iðnfélaga fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirkis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

## Fjárfestingarverðbréf

Eignarhlutar í félögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2018	2017
Laun .....	11.902.314	10.928.630
Lífeyrissjóðsgjöld .....	1.852.352	1.619.374
Önnur launatengd gjöld .....	1.905.914	1.797.654
Annar starfsmannakostnaður .....	65.650	61.479
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>15.726.230</u>	<u>14.407.137</u>

### 4. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2018	2017
Vaxtatekjur af bankainnist. ....	700.339	518.324
Vaxtatekjur af skammt.skuldum .....	1.965	1.523
Gengishagnaður verðbréfa .....	573.364	2.627.711
	<u>1.275.668</u>	<u>3.147.558</u>

Fjármunagjöld greinast þannig:

Bankakostnaður .....	40.766	29.262
	<u>40.766</u>	<u>29.262</u>

### 5. Skattamál

Sambandið er undanþegið greiðslu tekjuskatts.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig

	Fasteignir	Áhöld og innréttingar	Tölvubúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2018 .....	21.805.459	911.360	3.660.838	26.377.657
Afskrifað áður .....	( 5.071.698)	( 674.643)	( 3.362.794)	( 9.109.135)
	16.733.761	236.717	298.044	17.268.522
Viðbót á árinu .....	5.450.738	0	0	5.450.738
Afskrifað á árinu .....	( 364.162)	( 40.312)	( 59.609)	( 464.083)
Heildareign 31.12. 2018 .....	21.820.337	196.405	238.435	22.255.177
Afskriftarhlutföll .....	3%	20%	20%	

Opinbert mat fasteigna skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2018	Brunabótamat 31.12. 2018	Bókfært verð 31.12. 2018
Borgartún 30, Reykjavík - eignarhluti 9,35% .....	18.564.425	15.988.500	6.158.279
Stórhöfði 31 - eignarhluti 5,88% .....	7.864.500	14.311.920	15.117.458
Akralind 1, Kópavogur - eignarhluti 10% .....	2.990.000	2.640.000	544.600
	29.418.925	32.940.420	21.820.337

## 7. Fjárfestingarverðbréf

Verðbréf í eigu félagsins Samiðn, samband iðnfélaga greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Íslensk verðbréf - eignasafn .....	1.893.186	30.908.399
Íslandsbanki hf. - meðallöng ríkisskuldabréf .....	1.483	17.498.442
	1.894.669	48.406.841

## 8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	2018	2017
Almennar viðskiptakröfur .....	98.856	63.908
	98.856	63.908

9. **Eigið fé**

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Óráðstafað eigið fé
Flutt frá fyrra ári .....	75.553.538
Hagnaður ársins .....	13.166.760
Eigið fé samtals 31.12. 2018 .....	<u>88.720.298</u>

10. **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

<b>Aðrar skammtímaskuldir</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Ógr. opinber gjöld starfsmanna .....	238.437	222.644
Ógr. annað vegna starfsfólks .....	72.517	74.265
Ógreiddur kostnaður .....	0	613.955
Ógreiddur lífeyrissjóður .....	202.367	177.074
Ógreitt félagsgjald .....	21.738	19.910
	<u>535.059</u>	<u>1.107.848</u>

# Skýringar ársins 2018 frh.

	2018	2017
<b>11. Aðrar tekjur</b>		
Húsaleigutekjur .....	1.281.088	1.203.129
Annað .....	6.008	9.415
<b>Aðrar tekjur</b>	<u>1.287.096</u>	<u>1.212.544</u>
<b>12. Skattar</b>		
Skattar til A.S.Í. ....	28.772.996	26.231.321
Skattar til erlendra sambanda .....	1.915.296	1.392.996
<b>Skattar</b>	<u>30.688.292</u>	<u>27.624.317</u>
<b>13. Laun og tengd gjöld</b>		
Laun .....	11.902.314	10.928.630
Tryggingagjald .....	976.923	909.923
Lífeyrissjóðsgjöld .....	1.852.352	1.619.374
Dagpeningar, bifreiðastyrkir .....	761.912	736.252
Sjúkra- og orlofstryggingar .....	167.079	151.479
Annar starfsmannakostnaður .....	65.650	61.479
<b>Laun og tengd gjöld</b>	<u>15.726.230</u>	<u>14.407.137</u>
<b>14. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Laun og rekstur Þjónustuskrifstofu .....	4.593.369	4.317.533
Funda- og ráðstefnukostnaður .....	3.449.419	2.630.997
Aðkeypt þjónusta .....	1.788.309	222.357
Erlent samstarf .....	1.110.074	1.002.264
Húsaleiga .....	1.089.372	1.069.060
Lögfræðileg aðstoð .....	881.884	2.129.643
Annar húsnæðiskostnaður .....	714.555	596.929
Reikningsleg aðstoð .....	530.980	613.955
Styrkir til menningarmála .....	398.270	309.020
Auglýsingar .....	359.126	395.799
Gjaldfærð áhöld .....	352.854	157.272
Kjarasamningar .....	136.408	83.593
Rekstur tölvubúnaðar .....	121.454	121.751
Sími og burðargjöld .....	116.670	150.907
Vátryggingar .....	69.681	68.403
Ritföng og prentun .....	5.533	81.288
Átaksverkefni .....	0	62.469
Menntun og hagræðing .....	0	51.360
Annar kostnaður .....	811.098	714.970
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	<u>16.529.056</u>	<u>14.779.570</u>

